

# LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2013

REKSTRARREIKNINGUR 2013



## Skýrsla Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2014.

Síðastliðið starfsár hjá Landgræðslusjóði var með hefðbundnu sniði.

Engar breytingar voru gerðar á stjórn sjóðsins eftir aðalfund Skógræktarfélags Íslands árið 2013 og hana skipa, eins og mörg undanfarin ár, Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson úr stjórn Skógræktarfélags Íslands og síðan Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Jón Loftsson skógræktarstjóri. Guðbrandur var kosinn formaður stjórnar og Sveinn Runólfsson varaformaður. Formaður gegndi framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn eins og undanfarin ár.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu.

**Ársreikningur** fyrir árið 2013, ásamt endurskoðunarskýrslu, var unninn af útibúi KPMG ehf í Borgarnesi. Rekstrartekjur voru kr. 1,9 millj. og rekstrargjöld 19,9 millj. og þar af voru styrkveitingar kr. 17,9 millj. sem skiptast þannig að útgreiddir styrkir skv. skipulagsskrá sjóðsins voru kr. 7,1 millj. og styrkir af arfi eftir Hjálmar og Else Bárðarson voru kr. 10,8 milljónir.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru kr. 20,1 millj. og rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um kr. 2,1 millj.

Eignir Landgræðslusjóðs í árslok 2013 voru fasteignir að fjárhæð kr. 23,7 millj., verðbréfaeign 315,5 millj. og handbært fé 18,9 millj. Skuldir í árslok voru kr. 2 millj. og eigið fé sjóðsins í árslok 2013 var kr. 355,9 millj. og hafði hækkað um 3 millj. kr. á árinu.

Tekjur Fræbanka Landgræðslusjóðs voru vaxtatekjur að fjárhæð kr. 232 þúsund að frádregnum fjármagnstekjuskatti og bankakostnaði. Eigið fé bankans í árslok var kr. 4,6 millj.

Að öðru leyti en hér greinir vísast til ársreiknings sem fylgir með fundargögnum.

**Ávöxtun** á fjármunum sjóðsins á s.l. ári var sæmileg, en þó aðeins undir væntingum. Nafnávöxtun var 7,29%, verðbótaþáttur vaxta var 3,9% og raunávöxtun því 3,39%. Það sem af er yfirstandandi ári hefur ávöxtun verið afar léleg, en teikn eru þó á lofti um þessar mundir að betri tíð sé í vændum. Vil ég þó engu spá um niðurstöðu ársins, enda fjármagnsmarkaðir hin mestu ólíkindafyrirbæri eins og þekkt er, ekki ólíkir íslenzku veðurfari. Landgræðslusjóður er með samning við Arionbanka um fjárvörzlu eins og mörg undangengin ár.

Mjög er breytilegt hvað fyrirtæki og einstaklingar gera háar kröfur til ávöxtunar eigin fjár. Þekkt er t.d. með stóru bankana að ávöxtunarkrafan er allt að 15%. Nokkur stór fyrirtæki í öðrum greinum gera svipaða eða litlu lægri ávöxtunarkröfu. Persónulega finnst mér þetta fáránlega hátt og dreg stórlega í efa að nokkurt hagkerfi standi til lengdar undir ávöxtun af þessari stærðargráðu. En eitt er að setja fram markmið um ákveðna ávöxtunarprósentu og annað að ná því markmiði. Sumir eru einfaldlega í betri aðstöðu til að ná markmiðum sínum í þessum efnum en aðrir og þannig mun það sjálfsagt alltaf verða. Mín persónulega skoðun er sú að meðaltals raunávöxtun eigin fjár á bilinu 3 - 3,5% á ári sé ásættanleg og raunhæf. En hafið hugfast að hér er það leikmaður en ekki sérfræðingur sem leggur mat á hlutina.

**Úthlutun styrkja** samkvæmt skipulagsskrá Landgræðslusjóðs fór fram í byrjun apríl s.l. Fjórtán umsóknir bárust frá tólf skógræktarfélögum að fjárhæð samtals 14,5 millj. króna og frá fimm öðrum aðilum að fjárhæð samtals 1,8 millj. eða samtals kr. 16,3 millj.

Allar umsóknirnar reyndust gildar, með hliðsjón af skipulagsskrá sjóðsins og reglum um styrkúthlutanir, og fengu því allir umsækjendur úthlutað styrkjum. Til úthlutunar voru kr. 6.765.000.- sem er 90% af raunávöxtun s.l. árs og af þeirri fjárhæð var hlutur skógræktarfélaganna samtals kr. 5,95 millj. Þá var úthlutað að auki kr. 300 þús. úr Fræbanka Landgræðslusjóðs til eins verkefnis.

Frá því að ég settist í stjórn sjóðsins, sem var haustið 2003, hafa aldrei komið svo fáar umsóknir frá skógræktarfélögunum. Eigi veit ég hvað veldur, því skv. venju var bréflaga auglýst eftir styrkumsóknum frá skógræktarfélögunum í landinu í febrúarmánuði.

Sé mið tekið af umsóknarfjárhæðum undanfarinna ára frá skógræktarfélögunum þyrfti Landgræðslusjóður að hafa 20 - 30 millj. króna til úthlutunar á ári. Og miðað við þá ávöxtunarkröfu sem ég nefndi áðan, sem ásættanlega, þyrfti sjóðurinn að vera tvisvar til þrisvar sinnum stærri en hann er í dag, eða með eigið fé upp á 700 – 1000 millj. Það kann því að vera áleitin spurning hvort ekki sé rétt að byggja hann hraðar upp með því að úthluta lægra hlutfalli raunvaxta en gert hefur verið undanfarin ár. Með því næði hann fyrr að verða það öflugur að verulega myndi muna um aðstoð hans við landgræðslu- og skógræktarstarf í landinu.

**Til viðbótar** þeim styrkjum sem að framan er getið var í ár veitt styrkjum að fjárhæð samtals 11,1 millj. kr. af arfi eftir Hjálmar og Else Bárðarson. Var það til þeirra fjögurra landgræðsluskógasvæða sem áður voru sérstaklega valin til uppgræðslu með tilstyrk fjármagns af arfinum. Þessi svæði eru á Ássandi í Kelduhverfi, í Þjórsárdal, við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði og á Langahrygg í Mosfellsdal. Eins og áður hefur verið greint frá á aðalfundum hafa þeim hjónum verið reistir bautasteinar á hverju þessara svæða í sérstökum minningarlundum. S.l. haust var einnig ákveðið að láta útbúa upplýsingaskilti um Hjálmar og Else, til uppsetningar í minningarlundunum, með myndum af þeim og texta á íslenzku og ensku um uppruna þeirra og helztu ævistörf. Er smíði skiltanna lokið og einhver þeirra væntanlega komin upp. Þegar þetta er ritað er óráðstafað af arfinum kr. 20,9 millj.

**Minningarsjóður** Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson er á fjórða starfsári sínu. Hann er að forminu til sjálfseignarstofnun, en stofnaðilar hans eru Landgræðslusjóður og Landgræðsla ríkisins, sem lögðu honum til stofnfé af arfi eftir Hjálmar og Else, tuttugu milljónir króna hvor aðili. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til rannsóknaverkefna í landgræðslu og skógrækt með höfuðáherzlu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt á landi vöxnu lúpínu. Á yfirstandandi ári hlutu tvö rannsóknaverkefni styrki, en þau eru:

**Fóstrun skógarplantna í lúpínu**, sem Þorbergur Hjalti Jónsson stýrir. Þetta verkefni var styrkt um kr. 3 millj.

Hitt verkefnið ber heitið **Skordýrabeit í landgræðsluskógum og lúpínubreiðum – áhrif á vöxt og lifun í nýgróðursetningu og ungskögum**. Halldór Sverrisson stýrir þessu

verkefni. Það hlaut styrk að fjárhæð 800 þúsund kr. og er í reynd framhald verkefnis undir stjórn Halldórs sem bar heitið **Skordýrabeit í landgræðsluskógum og lúpínubreiðum** og hlaut stuðning sjóðsins s.l. þrjú ár.

Nokkuð hefur borið á misskilningi varðandi hlutverk Minningarsjóðsins. Nokkrir halda að hann styrki þau fjögur landgræðsluskógasvæði sem ég gat um áðan, en svo er ekki. Hlutverk Minningarsjóðsins er einungis að styrkja rannsóknaverkefni, sbr. framansagt, og mun hann starfa samtals í 10 ár og verður þá uppurinn. Sá hluti arfsins eftir Hjálmar og Else, sem féll Landgræðslusjóði í skaut, og ekki var lagður í Minningarsjóðinn, hefur aftur á móti verið nýttur til að styrkja þessi fjögur landgræðsluskógasvæði og minningarlundina tengda þeim.

**Að lokum** vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum beztu þakkir fyrir góð og gefandi samskipti á árinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands ásamt öllum þeim öðrum sem sjóðurinn hefur átt samskipti við. Aðalfundinum óska ég velfarnaðar í sínum störfum.

Brúarlandi á Mýrum 12. ágúst 2014  
Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður  
Ársreikningur 2013

Númer í sjóðaskrá 1401

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8
Fylgiskjöt:	
1. Yfirlit um fræbanka .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar


---

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur umfram gjöld á árinu 2,1 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2013 samkvæmt efnahagsreikningi nam 356,0 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greiddan útlagðan ferðakostnað.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs yfir árið 2013 með undirritun sinni.


Reykjavík, 11/4 2014.

Í stjórn:



Guðbrandur Bynjúlffsson

kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes




Jón Loftsson

kt. 021245-2249 Stóra Sandfelli, 701 Egilsstaðir



Magnús Gunnarsson

kt. 291050-4179 Lynghvammi 6, 220 Hafnarfjörður



Sveinn Runólfsson

kt. 280446-2549 Gunnarsholti, 851 Hella



Þuríður Yngvadóttir

kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:

Guðbrandur Bynjúlffsson

Brúarlandi

311 Borgarnes

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Landgræðslusjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Landgræðslusjóðs gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 11/4 2014.

**KPMG ehf.**

Þingvinnu-Helga Sveinsd.  
Konrad Tomsson



# Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Styrkir og gjafir .....		4.000	4.000
Tekjur af eignarhlutum .....		1.190.312	1.084.430
Aðrar tekjur .....		720.839	350.000
		<u>1.915.151</u>	<u>1.438.430</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá .....		7.115.000	11.180.000
Aðrar styrkveitningar .....		10.799.741	10.759.866
Kostnaður vegna fasteigna .....	5	545.982	1.363.429
Annar kostnaður .....	6	1.474.787	1.702.604
		<u>19.935.510</u>	<u>25.005.899</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði .....</b>	(	<u>18.020.359)</u>	( <u>23.567.469)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur .....		264.972	411.048
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum .....		23.116.988	16.838.739
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....	(	5.520)	( 11.637)
Fjármagnstekjuskattur .....	(	3.244.693)	( 5.707.947)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>		<u>20.131.747</u>	<u>11.530.203</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) .....</b>	10	<u>2.111.388</u>	( <u>12.037.266)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2013	2012
<b>Eignir</b>			
Fasteignir.....	2,7,8	23.748.750	22.799.500
Verðbréfaeign.....	9	315.353.002	325.272.332
	Fastafjármunir alls	<u>339.101.752</u>	<u>348.071.832</u>
Ýmsar skammtímakröfur .....		523.097	4.375.000
Handbært fé.....		18.404.504	950.574
	Veltufjármunir alls	<u>18.927.601</u>	<u>5.325.574</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>358.029.353</u></u>	<u><u>353.397.406</u></u>
<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur.....		355.965.004	352.904.366
	Eigið fé samtals	<u>355.965.004</u>	<u>352.904.366</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Aðrar skammtímaskuldir.....		2.064.349	493.040
	Skuldir samtals	<u>2.064.349</u>	<u>493.040</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>358.029.353</u></u>	<u><u>353.397.406</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi .....	10	2.111.388	( 12.037.266)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa .....		11.533.431	14.941.666
Veltufé frá rekstri		13.644.819	2.904.400
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun .....		3.851.903	( 4.266.909)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		1.571.309	478.286
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		5.423.212	( 3.788.623)
Handbært fé frá (til) rekstrar		19.068.031	( 884.223)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Verðbréf, breyting .....		( 1.614.101)	( 16.366.126)
Fjárfestingarhreyfingar		( 1.614.101)	( 16.366.126)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		17.453.930	( 17.250.349)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		950.574	18.200.923
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		18.404.504	950.574

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

### 3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

### 4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

## Sundurliðanir

### 5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig:

	2013	2012
Fasteignagjöld .....	344.620	328.591
Viðhald og rekstur húsnæðis .....	177.145	1.011.389
Tryggingar .....	24.217	23.449
	<u>545.982</u>	<u>1.363.429</u>

### 6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur .....	20.275	52.497
Ökutækjastyrkur .....	125.396	81.144
Eignarstýringar- og fjárvörslubóknun .....	505.023	509.420
Aðkeypt þjónusta .....	458.044	435.399
Dagpeningar .....	275.000	250.000
Ferðakostnaður .....	0	133.916
Annar kostnaður .....	91.049	240.228
	<u>1.474.787</u>	<u>1.702.604</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2013.....	13.645.000	5.804.500	3.350.000	22.799.500
Breyting fasteignamats.....	545.000	255.250	149.000	949.250
Bókfært verð 31.12.2013.....	<u>14.190.000</u>	<u>6.059.750</u>	<u>3.499.000</u>	<u>23.748.750</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 20,1 millj. kr., hlunninda 1,1 millj. kr. og lóða 2,5 millj. kr. í árslok 2013. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 50,5 millj. kr.

### 9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	2013	2012
Lán til Skógræktarfélagss Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir .....	66.468.750	87.500.000
Skráð verðbréf .....	239.355.004	231.405.293
Hlutabréf .....	9.529.248	6.367.039
Verðbréfaeign samtals 31.12.2013 .....	<u>315.353.002</u>	<u>325.272.332</u>

### 10. Eigið fé

#### Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2013	2012
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun .....	352.904.366	363.690.632
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7 .....	949.250	1.251.000
Rekstrarniðurstaða ársins .....	2.111.388	( 12.037.266)
Eiginfjárreikningur í árslok .....	<u>355.965.004</u>	<u>352.904.366</u>

### 11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélag í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 2,8 millj. kr. í árslok 2013. Styrkirnir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefninsins og kostnað.

### 12. Tengdir aðilar

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

### 13. Önnur mál.

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2013. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræi til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans 4,6 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

## Rekstraryfirlit ársins 2013

**Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):**

Vaxtatekjur og verðbætur.....	363.783
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður .....	( 131.251)
	<u>232.532</u>

**Rekstrarniðurstaða ársins** ..... 232.532

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

**Eignir:**

Verðbréfaeign.....	3.331.769
Bankainnstæður .....	<u>1.252.284</u>

**Eignir samtals** 4.584.053

**Eigið fé:**

Flutt frá fyrra ári .....	4.351.521
Rekstrarniðurstaða ársins .....	<u>232.532</u>

**Eigið fé samtals** 4.584.053